

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. janúar 2014 í máli nr. X-74/2010:

A.

(Heiðar Ásberg Atlason hrl.)

gegn

B hf.

(Kristinn Bjarnason hrl.)

I.

Mál þetta, sem þingfest var 11. júní 2010, var tekið til úrskurðar 19. desember sl. Sóknaðili er A. N.V. en varnaðili er B hf., sem áður hét D hf.

Sóknaðili krefst þess aðallega að viðurkennd verði krafa hans skv. 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., eins og henni var lýst í bú varnaðila, sbr. lið 24 í kröfulýsingu sóknaðila, þ.e. að veðréttur sóknaðila yfir innstæðu varnaðila á reikningi hjá sóknaðila að fjárhæð 20.283.022,65 evrur, til tryggingar öllum skuldum varnaðila gagnvart sóknaðila, nú að fjárhæð rúmlega 1,6 milljarðar evra, verði viðurkenndur.

Til vara er þess krafist að krafa hans, eins og henni var lýst í bú varnaðila, sbr. lið 26 í kröfulýsingu, þ.e. að réttur til að skuldajafna innstæðu varnaðila á reikningi hjá sóknaðila, sem á rætur að rekja til framsals krafna [-]-innstæðueigenda, sem lýst var skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, verði viðurkennd.

Að auki er þess krafist, bæði í aðalkröfu og varakröfu, að sóknaðila verði dæmdur málskostnaður, auk virðisaukaskatts af málskostnaði, úr hendi varnaðila samkvæmt mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi sóknaraðila samkvæmt mati dómsins.

II.

Með bréfi, dags. [-], tilkynnti varnaraðili Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða stofnun og starfsemi útibús [-]. Til að uppfylla kröfur bókonar um seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanka Evrópu og reglugerðar Evrópuráðsins nr. 2531/98 um lágmarks varasjóð opnaði varnaraðili reikning hjá sóknaraðila hinn 12. desember 2006, svokallaðan [-]-innlánsreikning, og lagði inn á hann 3.054.545,46 evrur. Frá stofndegi reikningsins til 18. febrúar 2008 notaði sóknaraðili svokallað [-]-bankakerfi en skipti yfir í svokallað [-]-bankakerfi 18. febrúar 2008. Í tengslum við þá breytingu skrifaði varnaraðili undir yfirlýsingu hinn 13. nóvember 2007 og kemur þar fram að frá og með 18. febrúar 2008 skuli öll lagaleg tengsl þessara aðila ráðast af skilmálum fyrir eigendur [-]-reikninga, almennum skilmálum sóknaraðila og handbók um stefnu í efnahags- og peningamálum eins og þessi skjöl hljóði 18. febrúar 2008 og verði birt á vefsíðu sóknaraðila.

Hinn 7. október 2008 beitti Fjármálaeftirlitið heimild stjórnvalda samkvæmt 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til að taka yfir starfsemi [--]hf. Skipaði Fjármálaeftirlitið þá skilanefnd til að taka við stjórn bankans. Í samræmi við ákvæði laga nr. 44/2009 var bankinn tekinn til slita og miðaðist upphaf slitameðferðar við gildistöku laganna 22. apríl 2009. Í kjölfarið var bankanum skipuð slitastjórn 29. apríl sama ár. Samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 44/2009, gilda í meginatriðum reglur laga nr. 21/1991 um slitameðferð fjármála fyrirtækja, þar á meðal um meðferð krafna á hendur slíku fyrirtæki.

Hinn 13. október 2008 skipaði héraðsdómur í [--] skiptastjóra yfir útibúi varnaraðila í [-]. Var skipunin til 18 mánaða, eða til [--]. Sami dómstóll úrskurðaði í mars 2010 að skipunin yrði ekki framlengd og hefur forræði yfir útibúinu því færst yfir til skilanefndar og slitastjórnar varnaraðila.

Sóknaraðili millifærði innstæðuna á [--]-reikningnum yfir á svokallaðan [--]-reikning hjá sóknaraðila með reikningsnúmerið [--] hinn 9. október 2008. Skiptastjórar í útibúi varnaraðila í [--] fóru hinn 16. október 2008 fram á það við

sóknaraðila að innstæðan á reikningnum, 20.283.022,65 evrur, að meðtöldum áföllnum vöxtum til 13. október 2008, yrði greidd til búsins en þeirri beiðni var hafnað.

Hinn [--] gaf slitastjórn varnaraðila út innköllun til kröfuhafa og lauk kröfulýsingarfresti á miðnætti 30. október 2009. Sóknaraðili lýsti kröfu sem mál þetta varðar hinn 19. október 2009. Um réttthæð kröfunnar var í kröfulýsingu vísað til 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. á grundvelli lýsts veðréttar í innstæðu á tilgreindum [--]-innlánsreikningi varnaraðila hjá sóknaraðila til tryggingar tilgreindri fjárkröfu, en til vara á grundvelli lýsts réttar til skuldajöfnunar. Kom fram að varnaraðili hefði lagt 20.000.000 evra inn á [--]-innlánsreikning og vísað til yfirlýsingar varnaraðila, dags. 13. nóvember 2008, og skilmála fyrir eigendur [--]-reikninga, almennra skilmála sóknaraðila og handbókar um stefnu í efnahags- og peningamálum, sem vísað er til í framangreindri yfirlýsingu. Slitastjórn varnaraðila ákvað að hafna umræddri kröfu varnaraðila og var tilkynning þess efnis send í bréfi, dags. 17. febrúar 2010. Sóknaraðili mótmælti þeirri afstöðu slitastjórnarinnar með bréfi, dags. 22. sama mánaðar, og rökstuddi þau mótmæli frekar með bréfi, dags. 16. mars 2010. Í því skyni að reyna að jafna ágreining aðila, í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991, var haldinn skiptafundur [--] sama ár. Ekki tókst að jafna ágreininginn á fundinum og ákvað slitastjórn varnaraðila þá að beina ágreiningsefninu til úrlausnar héraðsdóms í samræmi við ákv. 171. gr., sbr. 2. mgr. 120. gr., framangreindra laga.

III.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 43/2000, um lagaskil á sviði samningaréttar, skuli beita þeim lögum sem aðilar hafi valið um réttarsamband þeirra. Varnaraðili hafi ritað undir yfirlýsingu um samþykki fyrir því að skilmálar sóknaraðila, sem lúti [--] lögum, myndu gilda um réttarsamband þeirra. Verði ekki annað séð en að ágreiningslaust sé með aðilum að [--] lög gildi um veðréttinn, bæði hvað varði stofnun hans og réttaráhrif. Samkvæmt 18. gr. skilmála fyrir eigendur [--]-reikninga og 8. gr. almennra skilmála sóknaraðila hafi sóknaraðili skýran veðrétt, eins og vísað sé til í gr. 3:227, 2. mgr. í gr. 3:236 og 1. mgr. í gr. 3:94 í [--] einkamálalögum, meðal annars í innstæðu varnaraðila á [--]-reikningnum, eins hún standi á hverjum tíma.

Samkvæmt [--] lögum geti veðréttur yfir viðskiptakröfum stofnast með tvennum hætti, annars vegar með tilkynningu (birtur veðréttur) og hins vegar án tilkynningar (óbirtur veðréttur). Birtur veðréttur stofnist með skriflegum veðgerningi og tilkynningu frá veðhafa eða veðþola til skuldara veðsettu kröfunnar um gerð veðgernings. Í þessu máli feli yfirlýsing um samþykki, ásamt almennum skilmálum sóknaraðila og skilmálum fyrir eigendur [--]-reikninga, í sér skriflegan veðgerning. Samkvæmt [--] lögum sé litið á innstæðu á bankareikningi sem skráða kröfu reikningseiganda gagnvart bankanum. Varnaraðili eigi því kröfu á hendur sóknaraðila vegna innstæðu sinnar. Þar sem sóknaraðili sé einnig skuldari veðsettu

kröfunnar feli yfirlýsing um samþykki einnig í sér tilkynningu til skuldarans.

Veðið standi til tryggingar núverandi kröfum og kröfum sem sóknaraðili kunnir síðar að eignast á hendur varnaraðila, meðal annars kröfum sem sóknaraðili hafi eignast við framsal krafna frá innstæðueigendum á [--]-reikningum varnaraðila í [--] og samþykktar hafi verið sem forgangskröfur við slit varnaraðila. Sé á því byggt að þær kröfur rúmist að öllu leyti innan hugtaksins „lagaleg tengsl“, sem vísað sé til í 1. og 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 18. gr. [--]-skilmálanna. Beri að túlka framangreint hugtak þannig að um sé að ræða öll lagaleg tengsl milli aðilanna. Jafnvel þótt komist væri að þeirri niðurstöðu að veðrétturinn sé takmarkaður við samskipti sem rísi vegna eða séu tengd við [--]-reikning varnaraðila séu skilyrðing uppfyllt. Varnaraðili hafi opnað [--]-reikning sinn til að uppfylla kröfur bókonar um seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanka Evrópu og reglugerðar nr. 2531/98 um lágmarks varasjóð, þar sem hann hafi tekið við innstæðum á [--]-reikninga í [--]. Séu þess vegna lagaleg tengsl þar í milli. Ekkert ósamræmi sé milli 8. gr. almennu skilmálanna og 18. gr. [--]-skilmálanna, eins og varnaraðili haldi fram. Þvert á móti myndi þeir heild skv. 2. mgr. 2. gr. [--]-skilmálanna.

Á því sé og byggt að millifærsla innstæðu á [-]-reikningi varnaraðila yfir á [--]-reikning hafi engin áhrif haft á veðrétt sóknaraðila. Hafi hún því hvorki leitt til loka kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila né heldur afléttingar veðs sóknaraðila í skilningi gr. 3:81 í [--] einkamálalögunum. Engu máli hafi því skipt í þessu tilliti að ekki hafi verið innstæða á [--]-reikningnum þegar sóknaraðili hafi lýst kröfu við slitameðferð varnaraðila á grundvelli 111. gr. laga nr. 21/1991.

Samkvæmt [--] lögum geti fullnusta veðréttar vegna skráðrar kröfu farið fram með því að selja kröfuna eða með því að innheimta hana. Veðhafinn verði að millifæra hagnaðinn yfir á sérgreindan reikning, í þeim tilvikum sem veðhafi sé banki hafi veðhafinn heimild til að innheimta hagnaðinn í gegnum reikning sem skráður sé í bókhaldi hans. Eftir að krafa tryggð með veðrétti verði gjaldkræf og greiðanleg megi veðhafi gera upp kröfu sína með hagnaðinum án þessa að tilkynna veðþola það áður. Með því að millifæra peningana yfir á annan reikning hafi sóknaraðili í raun verið að innheimta kröfu varnaraðila, sem orðið hafi til vegna innstæðu á [--]-reikningnum, og sé honum hvenær sem er heimilt að gera upp kröfu sína. Þannig sé veðrétti sóknaraðila breytt í veðrétt í fjárhæðinni á grundvelli 5. mgr. gr. 3:246 í [--] einkamálalögunum.

Jafnvel þótt sóknaraðili verði ekki talinn hafa innheimt kröfu sína með fullnægjandi hætti á þeim tímapunkti sé réttur hans enn til staðar eftir færsluna og einnig veðréttur hans skv. 8. gr. almennu skilmálanna. Kröfur reikningseiganda gagnvart bankanum séu ekki ákveðnar á grundvelli þess hvernig bankinn meðhöndli kröfuna heldur hvernig hin undirliggjandi lagalegu tengsl séu. [--]-skilmálarnir innihaldi ekki ákvæði um að kröfur varnaraðila falli niður og að nýjar kröfur stofnist ef

sóknaraðili flytur fjárhæðina yfir á annan bankareikning. Það þýði að veðréttur sóknaraðila yfir kröfum varnaraðila, sem stofnist vegna innstæðu á [--]-reikningnum, sé enn til staðar þrátt fyrir að sóknaraðili hafi fært kröfuna yfir á annan bankareikning.

Sóknaraðili kveðst byggja varakröfu sína, þ.e. rétt sinn til að skuldajafna innstæðu varnaraðila við skuld varnaraðila gagnvart honum, á 11. gr. almennra skilmála sóknaraðila, 18. gr. skilmála fyrir eigendur [--]-reikninga og 104. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hafnað sé þeirri málsástæðu varnaraðila að sóknaraðili hafi eignast gagnkröfur sínar eftir frestdag og fullnægi því ekki skilyrðum 100. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.

Samkvæmt 104. gr. laga nr. 161/2002 skuli fara að íslenskum lögum um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunar slitastjórnar fjármálafyrirtækis, sem hafi staðfestu og starfsleyfi á Íslandi, með þeim takmörkunum sem greini í 2. mgr. 99. gr. laganna. Í j-liðar 2. mgr. 99. gr. laganna, sem innleitt hafi 23. gr. tilskipunar nr. 2001/24/EB, komi fram að samningur um skuldajöfnuð fari eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gildi.

Fyrir liggi að varnaraðili hafi samþykkt almenna skilmála sóknaraðila og [--]-skilmálana, en [--] lög gildi um þá báða skv. 25. gr. almennu skilmálanna.

[--]-skilmálarnir kveði skýrt á um að gagnkvæmum skuldbindingum [--]-reikningseiganda og sóknaraðila skuli sjálfkrafa skuldajafnað og að sá aðili sem skuldi hærrí upphæð skuli greiða hinum mismuninn, óháð því hvort gjaldþrotaskipti séu hafin hjá [--]-reikningseiganda. Enn fremur veiti almennu skilmálarnir sóknaraðila heimild til að skuldajafna fjárhæðum sem sóknaraðili geti fengið frá gagnaðilanum við fjárhæðir sem gagnaðili geti fengið frá sóknaraðila hvenær sem er, óháð því hvort þær séu gjaldfallnar eða óskilyrtar.

Af framangreindu megi leiða að skilyrðin sem komi fram í 100. gr. laga nr. 21/1991 eigi ekki við um rétt sóknaraðila til að skuldajafna þar sem á grundvelli j-liðs 2. mgr. 99. gr. laga nr. 161/2002 fari samningur um skuldajöfnuð eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gildi. Í þessu máli veiti ofangreindir skilmálar, sem fari eftir [--] lögum, sóknaraðila skýran rétt til skuldajafnaðar. Lög nr. 161/2002 séu sérlög að þessu leyti gagnvart lögum nr. 21/1991 og gangi því klárlega framur að því er varði skilyrði til skuldajöfnunar í tengslum við slit varnaraðila.

IV.

Varnaraðili tekur í upphafi fram að óumdeilt sé að við úrlausn ágreinings aðilanna gildi [--] lög, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 43/2000, um lagaskil á sviði samningaréttar, en þeir skilmálar sem um sé deilt í málinu kveði á um að [--] lög gildi. Þá sé ekki ágreiningur um að íslenskar réttarfarsreglur laga nr. 91/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. gildi um slitameðferð varnaraðila að öðru leyti en því að deilt sé um hvort 100. gr. laganna eigi að koma til álita í ágreiningi aðila.

Bent er á að sá munur sé á kröfugerð sóknaraðila í kröfulýsingu og í greinargerð hans í máli þessu að í kröfulýsingunni sé krafist veðréttar í innstæðu á [--]-reikningi að fjárhæð 20.000.000 evra og skuldajöfnunar vegna innstæðu að sömu fjárhæð en í greinargerðinni sé vísað til innstæðu á reikningi varnaraðila hjá sóknaraðila og þá með hærri fjárhæð en í kröfulýsingu. Eins og kröfugerðinni hafi verið háttað, og með hliðsjón af framsetningu kröfugerðar í greinargerð, beri að líta svo á að sóknaraðili geri sömu kröfu og hann hafi gert í kröfulýsingu, enda hafi honum ekki verið heimilt að bæta við þá kröfu.

Verði ekki á þetta fallist sé á því byggt að veðréttur hafi ekki stofnast með gildum og bindandi hætti gagnvart varnaraðila í [--]-reikningi hans hjá sóknaraðila þar sem ekkert þeirra skilyrða sem [--] lög áskilji að séu uppfyllt til að svo megi verða hafi verið til staðar. Til staðar þurfi að vera eindreginn ásetningur veðhafa og veðsala fyrir veðsetningunni og undirritun veðsamnings, þar sem skýrt sé kveðið á um að veðsali setji veðhafa að veði tilgreint veðandlag. Sé tilurð innstæðunnar á [--]-reikningnum athuguð, eins og hún sé sett fram af hálfu sóknaraðila, komi í ljós að varnaraðili hafi verið að skipta úr svokölluðu [--]-bankakerfi yfir í [--]-kerfi. Sú yfirlýsing sem sóknaraðili telji fela í sér skriflegan veðsamning geti ekki falið í sér eindreginn ásetning varnaraðila til að veðsetja beinlínis þá innstæðu sem um ræði. Með yfirlýsingunni hafi einungis verið fallist á að tilgreindir skilmálar ættu að gilda á milli aðila en hvergi sé þar vísað til 18. gr. skilmálanna um [--]-reikninginn og heldur ekki til 8. gr. almennu skilmála sóknaraðila. Enn síður sé veðandlagið sérstaklega skilgreint.

Auk framangreindra skilyrða þurfi að hafa verið um að ræða skráningu hjá opinberum aðila eða tilkynningu til skuldara veðandlagsins. Óumdeilt sé að ekki sé um það að ræða í málinu að veðið hafi verið skráð opinberri skráningu. Í því felist sú staðreynd að eina leiðin til að veðið teljist gilt samkvæmt [--] rétti sé að skuldara veðsettu kröfunnar hafi borist tilkynning um veðsetninguna. Slíkt sé þó óþarfi þegar veðhafi og skuldari veðsettu kröfunnar séu sami aðilinn. Það gildi þó ekki í þeim tilvikum þegar veðsali haldi ráðstöfunarrétti yfir hinu meinta veðandlagi. Telja verði að tilfærsla innstæðunnar af [--]-reikningi yfir á svokallaðan [--]-reikning hafi verið gerð til að svipta varnaraðila ráðstöfunarrétti yfir innstæðunni. Samkvæmt því sé ljóst að sóknaraðili hafi talið varnaraðila hafa ráðstöfunarrétt yfir innstæðunni, enda megi ætla að sóknaraðili hefði ekki þurft að færa innstæðuna yfir á [--]-reikninginn hefði ráðstöfunarrétturinn ekki verið fyrir hendi. Skilyrðið um tilkynningu til skuldara veðsettrar kröfu sé samkvæmt þessu óuppfyllt, sem leiði til

þess að hafna beri kröfu sóknaraðila.

Jafnvel þótt talið verði að um gilt veð hafi verið að ræða sé á því byggt að með því að sóknaraðili hafi fært alla innstæðuna af [--]-reikningi varnaraðila hinn 9. október 2008 inn á [--]-reikning í eigu varnaraðila hafi veðrétturinn fallið niður á því tímamarki. Sé það mat varnaraðila að sóknaraðili geti einungis átt veð í innstæðu [--]-reikningsins og sé í því sambandi vísað til orðalagsins réttarsamband (e. legal relationship) sem fram komi í 1. mgr. 18. gr. [--]-skilmálanna. Með hliðsjón af hinum takmarkaða tilgangi [--]-reikningsins og [--]-bankakerfisins hljóti að verða að túlka hugtakið réttarsamband þannig að einungis sé átt við þau tengsl sem verið hafi á milli aðila í tengslum við [--]-reikninginn. Styðjist það við 2. gr. í sömu skilmálum, sem skilgreini gildissvið þeirra á þann veg að þeir gildi um öll réttarsambönd milli sóknar- og varnaraðila sem verði til eða tengist eignarhaldi á [--]-reikningi. Sérstaklega sé vísað til þess að skilmálar um [--]-reikninginn gangi framur ákvæðum almennu skilmála sóknaraðila þegar ákvæðin stangist á, sbr. 3. mgr. 2. gr. [--]-skilmálanna.

Varnaraðili kveðst hafna þeim skilningi sóknaraðila að það sé venjubundin framkvæmd í bankageiranum að tryggingarréttindi séu veitt fyrir eins mörgum tegundum krafna og mögulegt sé og að takmarka hefði átt tryggingarréttindin hafi aðilar ekki viljað hafa þau þannig að þau stæðu til tryggingar öllum skuldum veðsala við veðhafa á hverjum tíma, líkt og komi fram í 8. gr. almennu skilmálanna. Í reynd hafi tengslin milli aðila einmitt verið takmörkuð með opnun [--]-reikningsins en hins vegar hafi sóknaraðili breytt réttarsambandi milli þeirra þegar innstæðan hafi verið færð inn á [--]-reikninginn. Með því hafi sóknaraðili leitast við að nýta sér víðtækari veðrétt en 18. gr. skilmála um [--]-reikninginn feli í sér. Sé í því sambandi á það bent að samkvæmt álitum sem sóknaraðili hafi lagt fram í málinu hafi ástæða millifærslunnar verið sú að koma í veg fyrir að varnaraðili gæti ráðstafað innstæðunni. Þá sé og ljóst að á þeim tíma sem millifærslan hafi átt sér stað hafi sóknaraðili ekki átt neina kröfu á hendur varnaraðila, sem undir venjulegum kringumstæðum hefði verið forsenda þess að gengið væri að veðinu á umræddum tímapunkti. Af þessu megi ráða að verði talið að sóknaraðili njóti veðréttar í innstæðunni á [--]-reikningnum sé ljóst að hann hafi ekki gengið að veðinu með réttum hætti. Þá sé til þess að líta að fullyrðingar um að gengið hafi verið að veðinu með því að taka alla innstæðuna út af [--]-reikningnum og leggja inn á nýjan reikning varnaraðila séu ekki í samræmi við kröfulýsingu sóknaraðila.

Varðandi varakröfu sóknaraðila vísar varnaraðili til þess að skv. 104. gr. laga nr. 161/2002 skuli um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvarðana við slit lánastofnunar, með höfuðstöðvar á Íslandi og útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, fara að íslenskum lögum, með þeim takmörkunum sem greini í 2. mgr. 99. gr. sömu laga. Í j-lið þess ákvæðis segi að um samning um skuldajöfnuð fari eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gildi. Að mati varnaraðila sé í ákvæði þessu einungis verið að vísa til þess að efnisreglur laga þess ríkis sem um samning gildi, í þessu tilviki [--], skuli ráða túlkun samnings um skuldajöfnun. Eftir

sem áður hljóti að verða að fara eftir þeim formreglum sem ákv. 100. gr. laga nr. 21/1991 feli í sér, þ.e. að sá sem beiti skuldajöfnuði verði að hafa eignast kröfuna þremur mánuðum fyrir frestdag, sem í þessu tilviki 15. nóvember 2008, hvorki hafa vitað né mátt vita að þrotamaður ætti ekki fyrir skuldum og ekki fengið kröfuna til að skuldajafna.

Reglur um skuldajöfnuð við gjaldþrot í íslenskum rétti séu sérreglur um nokkur skilyrði sem varði form en ekki efni og þrengi rétt til skuldajöfnunar í samanburði við almennar reglur um skuldajöfnuð í kröfurétti. Sem dæmi um slíkt skilyrði megi nefna það tímamark þegar gagnkröfuhafi þurfi að hafa eignast kröfu sína. Með vísan til þess sé þeirri túlkun sóknaraðila mótmælt að ákvæði 104. gr. laga nr. 161/2002 séu sérreglur sem gangi frammar ákvæðum 100. gr. laga nr. 21/1991.

Sé í þessu tilliti á því byggt að við fall varnaraðila hinn [--] hafi sóknaraðili ekki átt þær kröfur á hendur varnaraðila sem hann krefjist skuldajöfnunar við. Fyrir liggir að sóknaraðili hafi eignast kröfur sínar þegar hann leysti til sín og fékk framseldar kröfur [--] í útibúi varnaraðila í [--] í kjölfar yfirlýsingar [--] yfirvalda um ógjaldfærni útibúsins hinn 13. október 2008. Því til staðfestingar að sóknaraðili hafi ekki átt umræddar kröfur við það tímamark nægi að benda á að í kröfugerð hans sjálfs í greinargerð lúti krafa hans um skuldajöfnuð að kröfum sem sóknaraðili hafi eignast fyrir framsal frá [--]. Fyrir liggir að þau framsöl hafi öll farið fram eftir frestdag í slitameðferð varnaraðila. Einnig sé óumdeilt að sóknaraðili hafi á þeim tíma sem hann eignaðist kröfur sínar á hendur varnaraðila vitað að varnaraðili ætti á þeim tímapunkti ekki fyrir skuldum. Megi leiða líkur að því að sóknaraðili hafi jafnframt eignast kröfur sínar á hendur varnaraðila í þeim tilgangi að skuldajafna, enda ljóst að réttur hvers innstæðueiganda til greiðslu hafi verið háður framsali sérhvers innstæðueiganda á kröfu sinni til sóknaraðila.

Einnig sé hvað þetta varði vísað til þess að efnisreglur [---] laga um skuldajöfnun hafi ekki verið uppfylltar. Þær almennu reglur sem gildi samkvæmt [--] lögum komi fram í ákv. 6:127-6:140 í [--] einkamálalögunum, en heimilt sé að víkja frá þeim með samningi. Þá gildi ákv. í 234.-235. gr. og 53.-54. gr. [--] gjaldþrotaskiptalaganna um skuldajöfnun við greiðslustöðvun og gjaldþrotaskipti. Samkvæmt 53. gr. síðarnefndu laganna sé unnt að skuldajafna kröfum milli aðila að því gefnu að bæði aðalkrafan og gagnkrafan hafi orðið til fyrir úrskurð um gjaldþrotaskipti eða sé leidd af löggerningum sem orðið hafi til fyrir þann tíma. Ákvæði 54. gr. takmarki skuldajöfnunarréttinn skv. 53. gr. en í því segi svo: „1. Engu að síður getur aðili sem hefur áður en gjaldþroti er lýst tekið yfir skuld við skuldarann eða eignast kröfu frá þriðja aðila á hendur honum ekki beitt skuldajöfnun ef hann var ekki í góðri trú þegar yfirtaka eða kaup áttu sér stað. 2. Kröfur eða skuldir sem aðili eignast eftir að gjaldþroti er lýst verða ekki nýttar til skuldajöfnunar.“ Skýra verði hugtakið „eignast kröfu“ skv. 54. gr. rúmri túlkun á þann veg að það nái yfir kröfuhafaskiptin sem orðið hafi vegna útgreiðslu sóknaraðila á innstæðum til [--]. Samkvæmt [--] rétti sé almennt ekki unnt að beita ákvæðinu nema í þeim tilvikum sem kröfuhafaskipti verði í þeim tilgangi að skapa

rétt til skuldajöfnunar. Kröfuhafi geti ekki hafa verið í góðri trú í skilningi ákvæðisins hafi hann vitað að skuldari aðalkröfu hafi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar.

Eins og áður sé fram komið hafi sóknaraðili vitað um aðstöðu varnaraðila og því verið í vondri trú í skilningi ákvæðisins. Ljóst sé að sóknaraðili hafi farið fram á inngrip í rekstur útibús varnaraðila hinn 7. október 2008 með beiðni til [--] dómstóla um neyðarmedferð. Að fengnum þeim úrskurði hafi sóknaraðili vitað að þar með yrði hollenska innstæðukerfið virkjað og að sóknaraðili myndi eignast kröfur innstæðueigenda á hendur varnaraðila. Með þessu móti hafi sóknaraðili öðlast betri rétt á hendur varnaraðila en innstæðueigendur hafi haft. Í krafti stöðu sinnar sem Seðlabanki [--] og umsjónaraðili [--] innstæðutryggingakerfisins, sem sjái um útgreiðslur til innstæðueigenda hjá bönkum sem njóti aðildar að kerfinu, reyni sóknaraðili að skuldajafna kröfum sínum á móti innstæðu á [--]-reikning í vondri trú í skilningi tilvitnaðrar 54. gr. Þá sé og ljóst að framangreind staða veiti sóknaraðila betri rétt en upprunalegum kröfuhöfum og feli því m.a. í sér brot á grundvallarreglu, bæði [--] og íslenskra, gjaldþrotaskiptalaga um jafnræði kröfuhafa við gjaldþrotaskipti.

V.

Niðurstaða

Eins og fram er komið lýsti sóknaraðili kröfu við slitamedferð varnaraðila, hinn 19. október 2009, á grundvelli veðréttar í innstæðu á [--]-reikningi varnaraðila að fjárhæð 20.000.000 evra. Var þar vísað til þess að veðrétturinn byggðist á sameiginlegri yfirlýsingu aðilanna, dags. 13. nóvember 2007, þar sem fram kæmi meðal annars að frá og með 18. febrúar 2008 skyldu almennir skilmálar sóknaraðila, skilmálar fyrir eigendur [--]-reikninga og handbók um stefnu í efnahags- og peningamálum sóknaraðila gilda um öll lagaleg samskipti þeirra. Fyrir liggur að sóknaraðili millifærði hinn 9. október 2008 innstæðu varnaraðila á umræddum [--]-reikningi yfir á svokallaðan [--]-reikning, sem sóknaraðili hafði stofnað í nafni varnaraðila, og að þar hafi hún verið þegar kröfu sóknaraðila var lýst fyrir slitastjórn. Er í kröfulýsingunni ekkert tekið fram um að umrædd millifærsla hafi átt sér stað eða gerð krafa um að veðsetningin nái til innstæðunnar á þeim reikningi eftir millifærsluna.

Ekki er um það ágreiningur í málinu að á grundvelli samnings aðila gildi [--] lagaákvæði um úrlausn efnislegs ágreinings þeirra. Hins vegar segir í 104. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að taki dómstóll hér á landi ákvörðun um slit lánastofnunar, sem hefur staðfestu og starfsleyfi hér á landi, nái sú heimild sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins. Um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunarinnar fer að íslenskum lögum með þeim takmörkunum er greinir í 2. mgr. 99. gr. laganna. Þá segir í 2. mgr. 99. gr. að um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunar

skuli fara að íslenskum lögum með þeim frávikum sem talin eru upp í a- til n-liðum ákvæðisins. Loks segir í fyrsta málslið 1. mgr. 102. gr. sömu laga að við slit fjármálafyrirtækis gildi sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga fyrirtækis og kröfur á hendur því, að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að fyrirtækið sé tekið til slita leiði ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga. Af þessu leiðir að um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slitameðferð gilda ákvæði laga nr. 21/1991 en ekki [--] lög.

Í 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., segir að í kröfulýsingu skuli tiltaka kröfur svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í krónum og hveurrar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð, eða um afhendingu hlutar, ákvörðun á tilgreindum réttindum á hendur þrotabúinu o.s.frv. Í lokamálslið ákvæðisins kemur fram að einnig skuli þar greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggir rétt sinn á, svo og önnur atvik sem þarf að greina samhengis vegna. Af þessum fyrirmælum má ráða að kröfulýsing þarf nánast að vera í sama búnging og stefna í einkamáli. Þá er ljóst að kröfuhafi ræður því sjálfur hvort og að hve miklu leyti hann lýsir kröfu sinni í þrotabúið, láti það ógert eða krefjist lakari stöðu í skuldaröð en hann kann að eiga. Ætlist hann hins vegar til þess að tiltekin krafa hans njóti sérstöðu í skuldaröð verður hann að krefjast þess berum orðum og lýsa forsendum fyrir henni á nákvæman hátt.

Samkvæmt því sem að framan er rakið var engin innstæða á [--]-reikningi varnaraðila þegar veðkröfu hans í reikningnum var lýst og ekkert tekið fram um að umrædd millifærsla hefði átt sér stað eða gerð krafa um að veðsetningin næði til innstæðunnar á þeim reikningi eftir millifærsluna. Hins vegar hefur varnaraðili byggt á því að umrædd millifærsla hafi í raun falið í sér innheimtu kröfunnar og að þannig hafi veðrétti sóknaraðila verið breytt í veðrétt í þeirri fjárhæð sem inni á reikningnum var. Hafi þetta verið gert á grundvelli heimildar í 5. mgr. gr. 3:246 í [--] einkamálalögnum.

Í upphafi 118. gr. laga nr. 21/1991 er mælt svo fyrir að krafa á hendur þrotabúi, sem ekki er lýst fyrir skiptastjóra áður en kröfulýsingarfresti lýkur samkvæmt 2. mgr. 85. gr. sömu laga, falli niður gagnvart því nema svo standi á sem í einhverjum af sex töluliðum fyrrnefndu lagagreinarinnar segir, enda sé ekki unnt að fylgja kröfunni fram gagnvart þrotabúinu skv. 116. gr. laganna. Eins og atvikum í máli þessu er háttað geta ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 116. gr. ekki varðað kröfu sóknaraðila. Í 4. mgr. sömu lagagreinar felst sú meginregla að lánardrottinn, sem nýtur heimildar til fullnustu fjárkröfu á hendur þrotabúi án frekari dóms, sáttar eða aðfarar í skjóli tryggingarréttinda fyrir henni í eign þess getur fylgt þeim rétti sínum eftir án tillits til þess hvort hann hefur lýst kröfu sinni við gjaldþrotaskiptin.

Af greinargerð sóknaraðila og öllum málatilbúnaði hans hér fyrir dómi liggur fyrir að þær kröfur sem sóknaraðili telur að tryggðar séu með framangreindri innstæðu

séu kröfur sem hann hafi eignast við framsal krafna frá innstæðueigendum á [--] varnaraðila í [--] og samþykktar hafi verið sem forgangskröfur við slit varnaraðila. Hins vegar verður og ráðið að sóknaraðili hafi á því tímamarki þegar innstæðan var millifærð ekki enn eignast þær kröfur, en fyrstu kröfurnar voru framseldar honum í desember sama ár. Án tillits til þess hvort veðréttur sóknaraðila í [--]-reikningi varnaraðila teldist samkvæmt samningum aðila og [--] rétti ná til umræddra óstofnaðra krafna og veita honum heimild til að leita fullnustu í andlagi veðsins gat sóknaraðili ekki á því tímamarki neytt þeirrar heimildar til að leita fullnustu í innstæðunni, óháð kröfulýsingu við slitameðferðina, þar sem umræddar kröfur höfðu þá ekki enn stofnast honum til handa. Verður því að fallast á það með varnaraðila að sóknaraðili hafi ekki lýst umræddri kröfu með fullnægjandi hætti við slitameðferð varnaraðila, sem leiðir til þess, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991, að hún fellur niður gagnvart varnaraðila. Ber því að hafna aðalkröfu sóknaraðila í málinu.

Varakrafa sóknaraðila er reist á því að hann eigi samningsbundinn rétt til skuldajöfnunar á grundvelli 11. gr. almennu skilmála sóknaraðila og 18. gr. skilmála um [--]-reikninga. Jafnframt vísar hann til 104. gr., sbr. j-lið 2. mgr. 99. gr., laga nr. 161/2002, um að samningur um skuldajöfnuð fari eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gildi.

Eins og áður hefur verið rakið kemur fram í 2. mgr. 99. gr. laga nr. 161/2002 að um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvörðunar skuli fara að íslenskum lögum með þeim frávikum sem upp eru talin í a- til n-liðum ákvæðisins, en samkvæmt j-lið skulu samningar um skuldajöfnuð fara að lögum þess ríkis sem um samninginn gilda. Jafnframt að í fyrsta málslið 1. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 kemur fram að við slit fjármálafyrirtækis gildi sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga fyrirtækisins og kröfur á hendur því, að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að fyrirtækið sé tekið til slita leiði ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur fyrirtækinu falli í gjalddaga. Þau samningsákvæði um skuldajöfnuð sem sóknaraðili vísar til fjalla almennt um efnisleg skilyrði skuldajafnaðar í lögskiptum aðila og geta ekki haft áhrif á þær réttarreglur sem gilda um skuldajafnaðarrétt við slit fjármálafyrirtækis sem fram fara hér á landi. Af þessu leiðir að um rétt sóknaraðila við slit varnaraðila til að lýsa gagnkröfu til skuldajafnaðar við kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila gilda ákvæði laga nr. 21/1991 en ekki [--] lög.

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 21/1991 getur hver sá sem skuldar þrotabúi dregið það frá sem hann á hjá því hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið ef lánardrottinn hefur eignast kröfuna áður en þrjú mánuðir voru til frestdags, hvorki vitað né mátt vita að þrotamaðurinn átti ekki fyrir skuldum og ekki fengið kröfuna til að skuldajafna, enda hafi krafa þrotabúsins á hendur honum orðið til fyrir frestdag. Fyrir liggur að frestdagur við slitameðferð varnaraðila er 15. nóvember 2008. Þar sem áður hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að sóknaraðili hafi ekki eignast umræddar kröfur sínar á hendur varnaraðila, sem hann hafði eignast við framsal krafna frá [--] [--], fyrr eftir fyrrgreindan frestdag, brestur hann þegar af þeirri

ástæðu heimild skv. tilvitnaðri 100. gr. til að skuldajafna þeirri fjárhæð sem verið hafði á [--]-reikningi varnaraðila við þessa skuld varnaraðila við sóknaraðila. Samkvæmt því verður varakröfu sóknaraðila einnig hafnað.

Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða dómsins að hafna beri öllu kröfum sóknaraðila í máli þessu. Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., verður sóknaraðili gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst hæfilegur 1.000.000 króna.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, A, á hendur varnaraðila, B hf., er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 1.000.000 króna í málskostnað.

Ásgeir Magnússon